

Skýrsla Flóafársnefndar vegna Flóafárs, 4.3. 2011

- Í nefndinni sátu fyrir hönd kennara: Ægir Pétur Ellertsson, Guðmundur Björgvin Gylfason, og Ida Løn og fyrir hönd nemenda var íþróttaráðið sem í voru Harpa Vignisdóttir, Aðalbjörg Skúladóttir og Sigurður Páll Sveinbjörnsson. Í upphafi var töf á að koma starfi nefndarinnar af stað þar sem þáverandi formaður íþróttaráðs hætti í skólanum á þeim tíma sem við vorum að byrja, en þegar þau mál leystust og Harpa Vignisdóttir tók við forystunni fóru hlutirnir að geraast. Auglýst var eftir liðsstjórum og í upphafi leit út fyrir 8 lið en sú tala fór niður í 6. Liðin og liðstjórar voru: Albert Freyr Eiríksson og Markús Árni Vernharðsson (Star Wars) Anton Guðjónsson og Gunnlaugur Bjarnason (Hálandahöfðingjar), Guðjón Gestsson og Karen Óskarsdóttir (Soldater) Hlynur Víðisson og Runólfur Óli Daðason (Víkningar), Jón Ingi Grímsson (Konungsríkið) og Krístrún Helga Jóhannsdóttir og Hildur Rós Guðbjargardóttir (Latibær)

Liðsstjórar fengu nafnalista afhenta 14.2 og fengu viku til að safna í lið. Þann 21.2 var fundað með liðsstjórum þar sem þeir fengu nafnalistana sína til baka. Þá hafði öllum nemendum 18 ára og yngri sem enn voru ekki komnir í lið, verið dreift jafnt á alla. Á Kátum dögum veitti Elísabet Harðardóttir nemendum aðgang að myndlistarstofunni til að undirbúa skreytingar fyrir bækistöðvar. Þó þessi aðgangur ætti eingöngu að gilda til kl 16.00 þurftu starfsmenn nefndarinnar að beita sér til að halda fólki utan stofunnar. Daginn fyrir Flóafár var gengið frá merkingum á stofum, auk þess ákvað nefndin að vera á staðnum um kvöldið til að fylgjast með framvindu undirbúnings og var nemendum gert að vera búnir og fara úr húsi kl. 21.00. Mæltist sú ráðsstöfun vel fyrir hjá húsverðinum. Þann 4.3 fór svo Fárið fram. Fóru svo leikar að Star Wars sigraði og er það í fyrsta sinn í sögu Fársins sem „busalið“ sigrar. Þátttaka var nokkuð góð, betri en í fyrra og fór allt vel fram. Liðsstjórar stóðu sig vel en atvik tengd bolamálum sýnir að nauðsynlegt er að brýna um fyrir þeim að fara varlega í fjárútlátum tengdum því.

Nefndin fundaði eftir fárið og tók saman eftirfarandi lista yfir atriði sem athuga mætti fyrir næsta Fár:

- Ida: hugmynd úr umsjón: **Nemendur tilnefna liðsstjóra** (eitt par) Eftir valið leyfa viðkomandi að fara í stofur og kynna sig. Liðsstjórar með aðstöðu í miðryminu og safna í lið. Safna ákveðnu hámarki og lágmarki. (40-80)
- Byrja miklu fyrir í janúar
- Samkvæmt RES: Flestir í nemendaráðshóp vilja Fárið óbreytt.
- Hugmynd að bæta inn í stigagjöfina stig fyrir heildarsvipinn: 3- 6 -9, þar sem nemendur leggja mikla vinnu í þann þátt
- Beina skreytingu liðanna á myndlistarstofuna á skólatíma á Kátum dögum – tala við Elísabetu Harðardóttur vegna umsjónar á slíku – athuga með að láta hana ekki eina um þetta! Það kom vel út að nefndin væri í húsi daginn fyrir Flóafár og kom fólki út tímanlega.
- Það þarf meiri tíma fyrir liðin í undirbúning heldur en 2011. Þetta var viku of stutt
- Frekari leiðbeiningar fyrir liðsstjóra: Undirstrika við liðsstjóra að vera varfærin í fjárútlátum – láta nemendur panta og borga áður en pantað er – athuga með fjárstyrktaraðila.

fyrir hönd Flóafársnefndar

Ægir Pétur Ellertsson